



Reykjavík, 5. október 2020

Efni: Órofinn rekstur hjá sveitarfélögum

Sveitarfélög að huga vel að öllum tiltækum leiðum til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar COVID-19 sérstaklega núna þegar neyðarstig er í gildi frá og með 5. október. Sveitarfélög sinna samfélagslegri mikilvægri og fjölbreyttri starfsemi og þarf hún sem og þjónusta þeirra að haldast órofin á sem flestum sviðum eins lengi og hægt er.

Meðfylgjandi eru nokkrar aðgerðir sem stjórnendur geta nýtt í þessari vinnu:

- Fólk vinni heima - þar sem hægt er að koma því við.
- Fækka fundum og nota fjarfundi.
- Skipta matartímum á milli starfsmanna.
- Skammta mat í mötuneytum starfsmanna.

Eins og gefur að skilja er ekki alltaf hægt að gera þessar breytingar en nauðsynlegt að ítreka mikilvægi handþvottar, notkun á handspritti og huga vel að því að hreinsun á snertiflötum, og notast við hlífðargrímur ef ekki er hægt að virða 1 metra nándarreglu.